	Hafnarfjarðarbær
Innk:	413 2022
Málsnr:	2203160
Bréfal:	5212



Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 3. mars 2022


Ósk um vilyrði fyrir lóðum við Straumhelli 10 og 12.

Umbúðamiðlun ehf. Korngörðum 5-7. 104 Reykjavík. kt 5408962249.  
Umbúðamiðlun er keraleigufyrirtæki sem var stofnað árið 1996 og sérhæfir sig í útleigu fiskikerja til fiskmarkaða, útgerða og annara fyrirtækja í sjávarútvegi. Dagleg starfsemi hjá okkur í starfstöð okkar snýst um að móttaka og afgreiða ker, þrifa og gera við kerin okkar. Í dag starfa 11 manns hjá Umbúðamiðlun. Fáum við vilyrði fyrir lóðum munum við geta bætt við okkur verkefnum sem mun fjölga störfum í fyrirtækinu um 5-8 stöðugildi. Samtals verða því um 15-20 störf sem Umbúðamiðlun mun koma með til Hafnarfjarðar.

Nýverið sóttum við um lóðir við Dofrahelli 6 og 8. En fengum ekki. Því óskum við eftir því að fá vilyrði fyrir lóðunum við Straumhelli 10 og 12. Umfang og starfsemi Umbúðamiðlunar útheimtir að fá tvær samliggjandi lóðir og lóðirnar við Straumhelli 10 og 12 uppfylla þær þarfir. Því teljum við óheppilegt þegar sótt er um tvær samliggjandi lóðir að þurfa reiða sig á hefðbundna úthlutun. Eins við sáum gerast við úthlutun á lóðunum við Dofrahelli 6 og 8.

Það er því ósk okkar að Bæjarráð Hafnarfjarðar veiti Umbúðamiðlun ehf. vilyrði fyrir lóðunum við Straumhelli 10 og 12. Bæði lóðir og staðsetning hentar Umbúðamiðlun fullkomlega fyrir framtíðarhorfur og þau verkefni sem við bíðum eftir að geta ýtt í framkvæmd.

Virðingafyllst,



Hilmar Arnfjörð Sigurðsson  
Framkvæmdastjóri Umbúðamiðlunar

